



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P 128.777  
komudagur 7.3.2003

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 3. mars 2003  
Tilv. FLE 9-2003

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
c/o Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Málefni: Frumvarp til laga um stimpilgjald, 121. mál, lækkun gjalds.**

Með bréfi dags. 13. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók Álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason  
formaður

# Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

---

Reykjavík, 3. mars 2003

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda  
Guðmundur Snorrason, formaður  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík


**Málefni:** Frumvarp til laga um stimpilgjald, 121. mál, lækkun gjalds.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefnd FLE tók málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



Alþingi

Erindi nr. P 128, 2003

komudagur 4.3.2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

3. mars 2003

Tilvisun: 2003020057


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stimpilgjald, 121. mál, lækkun gjalds.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags.13. febrúar sl., þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um stimpilgjald, 121. mál, lækkun gjalds.


Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efnisatriði þess þar sem samþykkt þess mun aðeins hafa óveruleg áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,


FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Hannes J. Hafstein



KAUPHÖLL ÍSLANDS  
Iceland Stock Exchange

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1676  
komudagur 11.3.2003

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 11.03.2003  
Tilv. 111  
RBJ/rpj

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stimpilgjald, 121. mál, lækkun gjalds.**

Með bréfi dagsettu 13. febrúar síðastliðinn var óskað eftir umsögn Kauphallar Íslands hf. um frumvarp til laga um stimpilgjald, 121. mál, lækkun gjalds.

Af hálfu Kauphallar Íslands hf. eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að telja verður að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu til góðs og til þess fallnar að hafa jákvæð áhrif markað með skráð verðbréf í kauphöllum.

Virðingarfyllst,

  
Ragnár P. Jónasson,  
lögfræðingur.

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 128/1568**  
**komudagur 7.3.2003**

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

**NS**  
**NEYTENDASAMTÖKIN**

SÍÐUMÚLA 13,  
108 REYKJAVÍK,  
SÍMI 545 1200,  
TELEFAX 545 1212,  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160,  
128 REYKJAVÍK.


Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2002

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stimpilgjald, 121 mál.**

Neytendasamtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta frumvarp. Það eina sem mætti gagnrýna í frumvarpinu er að gengið sé of hægt í að afnema stimpilgjaldið. Það er skoðun Neytendasamtakanna að hér sé um rangláta gjaldtöku að ræða. Það eru ekki síst tvö atriði sem mestu máli skipta fyrir fjölskyldur varðandi þetta frumvarp. Stimpilgjaldið gerir fjölskyldum erfiðara fyrir að eignast húsnæði vegna aukins kostnaðar og því miður er hér um háar upphæðir að ræða. Í öðru lagi gerir stimpilgjaldið fjölskyldum sem eru í greiðsluferfiðleikum erfiðara fyrir að taka á vandamálum sínum. Þar sem þar er um að ræða þær fjölskyldur sem búa við erfiðustu kjörin er fráleitt að gera erfiðleika þeirra meiri með ranglátri gjaldtöku stjórnvalda, gjaldtöku sem jafna má við skattlagningu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson  
formaður Neytendasamtakanna



Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 3. mars 2003

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum, 121. mál, 128. löggjafarþing 2002-2003.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stimpilgjald óþinglýstra skjala lækki í jöfnum áföngum þar til það verði fellt niður frá árinu 2007 og að stimpilgjald þinglýstra skjala lækki niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er við stimplunina.

Flutningsmaður setur fram mörg og sannfærandi rök fyrir afnámi skattsins stimpilgjalds.

- Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum undanfarna áratugi.
- Skattheimtan mismunar aðilum innanlands og veikir samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum.
- Stimpilgjöldin eru bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum.
- Með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa er hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða.
- Innheimta stimpilgjalds af lánnum til einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja er nokkurs konar „fátækraskattur“.
- Óeðlilegt er að stimpilgjald sé innheimt aftur og aftur við skuldbreytingar á lánnum.

Samtök atvinnulífsins taka undir þá stefnumörkun sem í frumvarpinu felst og harma að stjórnvöld hafi ekki hrundið í framkvæmd þeirri endurskoðun á umræddum lögum sem boðuð var í upphafi yfirstandandi þings.

Samtök atvinnulífsins leggja þunga áhersla á afnám stimpilgjalda af útgáfu og viðskiptum með viðskiptabréf verði felld brott. Helstu rök samtakanna fyrir afnámi stimpilgjaldsins fara hér á eftir.

Stimpilgjöld eru sem næst úrelt í helstu viðskiptalöndum okkar. Íslensk fjármálafyrirtæki starfa í alþjóðlegu umhverfi og er afar mikilvægt að þau sæti ekki sérstökum samkeppnishindrunum sem gera þeim ókleift að þjóna fyrirtækjum á íslenskum markaði jafnvel og erlendir



keppninautar. Áhrif stimpilgjaldsins eru m.a. að hérlend fyrirtæki leita til annarra landa með lántökum.

Skatturinn stimpilgjald hefur í för með sér margsköttun sama skattandlags. Þetta gerist þegar verið er að endurfjármagna eldri lán. Gjaldið hleðst upp í viðskiptaferlinu og torveldar uppbyggingu virks verðbréfamarkaðar hérlendis.

Stimpilgjald á verðbréf bitnar mun harðar á minni fyrirtækjum en þeim stærri, þar sem síðastnefndu fyrirtækin leita í auknum mæli til útlanda eftir lántökum vegna betri lánskjara þar. Möguleiki erlendra samkeppnisaðila til að bjóða betri kjör er augljóslega meiri þegar engin stimpilgjöld bætast við lántökukostnaðinn.

Ljóst er af framansögðu að stimpilgjaldið er afar skaðlegur skattur og brýnt að hann verði felldur brott sem fyrst. Það geta þó staðið rök til þess, út frá tekjuáhrifum fyrir ríkissjóð, að skatturinn verði felldur brott í áföngum. Umrætt frumvarp gerir ráð fyrir því að afnámið eigi sér stað á fimm árum. Spurning er hvort hér sé ekki um of langan tíma að ræða í ljósi þess tjóns sem skatturinn veldur og því ástæða til þess að áfangarnir verði fáir og stórir.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 128/1313  
komudagur 28. 2. 2003

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja  
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland


24. febrúar 2003

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um stimpilgjald (121. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 13. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV, ásamt Samtökum atvinnulífsins, hafa þrýst á um að stimpilgjöld af viðskiptaskjölum verði afnumin. Stimpilgjald á slíkum skjölum gerir starfsskilyrði hérlendra fjármálafyrirtækja lakari en keppninauta í nágrannalöndum sem ekki þurfa að krefja viðskiptamenn um slíkan viðbótarkostnað við lánveitingar eða sambærilega fjármálaumsýslu. Því þykja SBV miður að stjórnvöld hafi ekki staðið við gefin loforð í þessum efnum.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,  
frankvæmdastjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1052*  
*komudagur 18.2.2003*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 17. febrúar 2003.

**Efni: Frv. til I. um br. á I. um stimpilgjald (121. mál).**

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verzlunarráð tekur undir það sjónarmið sem sett er fram með frumvarpinu og fram kemur í greinargerð. Verzlunarráð hefur lengi lagt til að stimpilgjald verði afnumið með öllu. Að mati Verzlunarráð má fara mun hraðar að því marki en frumvarpið gerir ráð fyrir. Verzlunarráð vill þó ekki leggja gegn frumvarpinu, svo samhljóma sem það er efnislega skoðunum ráðsins.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.